

6
4. júní

L Ö G

um

breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

182. gr. hinna almennu hegningarlaga skal hljóða þannig:

Hafi nokkur, karl eða kona, sem veit eða hefir grun um, að hann hafi smitandi kynsjúkdóm, hvern sem er þeirra þriggja sjúkdóma, sem ræðir um í lögum nr. 16 frá 1923, með holdlegu samræði eða öðrum atlotum, er eigi verða talin holdlegt samræði, valdið því, að einhver hafi átt eða eigi á hættu að smitast, þá varðar það fangelsi eða, ef miklar málsbætur eru, sektum, ekki minni en 100 kr. Hafi smitun átt sjer stað, má þyngja hegninguna í betrunarhúsvinnu alt að tveimur árum.

Hafi nokkur, karl eða kona, á annan hátt en að ofan segir, af ásettu ráði eða af miklu gáleysi valdið því, að einhver hafi átt eða eigi á hættu að smitast af kynsjúkdómi, þá varðar það fangelsi eða sektum. Hafi smitun átt sjer stað má, einnig þegar svo stendur á, þyngja hegninguna í betrunarhúsvinnu alt að tveimur árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.